

## LÖG

## um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. mgr. 2. greinar bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.***Gunnar Thoroddsen.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

---

*Pálmi Jónsson.*

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 9 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1981 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.***Gunnar Thoroddsen.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

---

*Ingvar Gíslason.*